

Fasteignatrygging

Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 201 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Fasteignatrygging er samsett úr 12 tryggingum og bætir helstu tjón sem verða á íbúðarhúsnæði. Fasteignatryggingin er yfirleitt tekin til viðbótar við brunatryggingu húseigna sem er skyldutrygging.



Hvað er tryggt?

Vatnstjónstrygging bætir:

- ✓ Skemmdir af völdum vatns sem lekur skyndilega úr vatnsleiðslum innan veggja hússins.
- ✓ Skemmdir af völdum vatns sem flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða skyndilegrar bilunar.
- ✓ Skemmdir af völdum leka úr ísskápum og frystikistum.

Skýfalls- og asahlákutrygging bætir:

- ✓ Skemmdir af völdum jarðvegsvatns sem flæðir inn í húseign af völdum skyndilegrar úrhellisrigningar eða asahláku.

Frostsprungutrygging bætir:

- ✓ Tjón á vatnsleiðslukerfi innanhúss vegna frostsprungna ef hitakerfi hússins bilar skyndilega.

Snjóþungatrygging bætir:

- ✓ Skemmdir á fasteigninni ef snjór sligar þak eða vegg hennar.

Fok- og óveðurstrygging bætir:

- ✓ Skemmdir á fasteigninni af völdum óveðurs þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu eða meira.

Húsaleigutrygging bætir:

- ✓ Húsaleigu sem váttryggður tapar eða verður að greiða ef flytja þarf úr húsnæði vegna tjóns.

Innbrotstrygging bætir:

- ✓ Skemmdir á fasteigninni í kjölfar innbrots.

Glertrygging bætir:

- ✓ Skemmdir á ísettu gleri í váttryggðri fasteign ef það brotnar.



Hvað er ekki tryggt?

Vatnstjónstrygging bætir ekki:

- ✗ Skemmdir af völdum vatns sem á upptök sín utan veggja hússins. (Sjá þó Skýfalls- og asahlákutryggingu)
- ✗ Skemmdir af völdum vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislögnum.
- ✗ Tjón af völdum missigs frárennislagna.
- ✗ Tjón af völdum langvarandi raka eða sveppagróðurs.

Skýfalls- og asahlákutrygging bætir ekki:

- ✗ Skemmdir af völdum vatns sem lekur frá svölum, þakrennum eða frárennislíðum þeirra vegna sjávarfalla og/eða grunnvatns.

Frostsprungutrygging bætir ekki:

- ✗ Tjón á snjóbræðslukerfum.

Snjóþungatrygging bætir ekki:

- ✗ Tjón af völdum snjóflóða.
- ✗ Tjón sem er afleiðing byggingagalla eða ófullnægjandi viðhalds.

Fok- og óveðurstrygging:

- ✗ Tjón á lausamunum utanhúss.
- ✗ Tjón af völdum sandfoks.

Húsaleigutrygging bætir ekki:

- ✗ Húsaleigu fyrir lengri tíma en 6 mánuði eftir hvern váttryggingaratburð.

Innbrotstrygging bætir ekki:

- ✗ Tjón á póstkössum.

Glertrygging bætir ekki:

- ✗ Tjón á skrautgleri og glerlistaverkum.
- ✗ Tjón ef glerið rispast eða flísast upp úr því.
- ✗ Tjón á völdum móðu á milli glerja.

Brot- og hrunstrygging bætir:

- ✓ Skemmdir á fasteigninni ef festingar af innanhússloftklæðningu eða naglfastrí innréttingu gefa sig skyndilega.

Sótfallstrygging bætir:

- ✓ Skemmdir á húseign vegna skyndilegs og óvænts sótfalls frá kynditækjum eða eldstæðum.

Ábyrgðartrygging húseigenda bætir:

- ✓ Tjón sem húseigandi er gerður ábyrgur fyrir samkvæmt skaðabótalögum, til dæmis ef gestkomandi slasast vegna ófullnægjandi frágangs.

Réttaraðstoðartrygging bætir:

- ✓ Málskostnað vegna ágreinings í einkamáli sem varðar þann sem tryggður er sem eiganda húseignar.

Brot- og hrunstrygging bætir ekki:

- ✗ Rispur eða skemmdir sem teljast ekki brot.
- ✗ Skemmdir sem verða ef kvernast eða flísast úr borðplötu.

Sótfallstrygging bætir ekki:

- ✗ Tjón sem fást bætt úr brunatryggingu húseignarinnar.

Ábyrgðartrygging húseigenda bætir ekki:

- ✗ Tjón á munum sem húseigandi hefur að láni, til leigu eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans.

Réttaraðstoðartrygging bætir ekki:

- ✗ Málskostnað vegna annarrar fasteignar en þeirrar sem kemur fram á skírteininu.



Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?



Tryggingin bætir ekki tjón af völdum náttúruhamfara eða tjón sem orsakast af stríði, hryðjuverkum, mengun eða viðlíka atburðum.



Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á þeim stað sem er tilgreindur í vátryggingarskírteininu.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á vátryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér er skylt að fara eftir varúðarreglum í skilmálum, t.d. þeirri að þér beri að hreinsa frá niðurföllum við húseignir svo snjór, klaki eða óhreinindi stífla þau ekki.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnaesta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.